

Skólaráðsfundur 22.5.2025

Mættir: Inga skólastjóri, Arngunnur aðstoðarskólastjóri, Vala fulltrúi starfsmanna, Sandra Gunnarsdóttir fulltrúi foreldrafélagsins, Ásgeir, Fjóla,

1. skólalóðin - bókun í fræðsluráði um að fá hugmyndir frá nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans um hvað vanti á skólalóðina eða þurfi að bæta. Fræðsluráð Óskar eftir að gert verði 5 ára plan varðandi skólalóðir allra grunnskóla – Það sem kom fram á fundinum er eftirfarandi: er möguleiki að girða af við bílastæði því þau fara alltaf yfir stæðin. Vantar bekkir á lóðina, setja jafnvel í hálfhring. Nota svalir – gera gróðurhús og setja bekkir. Byrjuð að mála á lóðina. Laga net í mörkum og körfum. Frágangur við Gullskarð, þarf að vera snytilegt. Breyta gróðurkörum í bekkir. Þarf að setja skilti upp varðandi akstur bannaður. Þarf að skoða með vörumóttöku.
2. Næsta skólaár - staðan á ráðningum – búið er að ráða alla umsjónarkennara en ennþá eru útistandandi nokkrar augýsingar fyrir íþróttakennara, aðstoðarskólastjóra, sérkennara, þroskapijálfa og það á eftir að auglýsa eftir atferlisfræðingi en það verður gert mjög fljótlega.
3. starfáætlun skólaráðs fyrir árið 25 til 26 – farið var yfir drög að starfsáætlun fyrir næsta skólaár og rætt um í hvaða stöður þarf að kjósa í næsta haust því starfstími hvers er yfirleitt tvö ár. Það þarf að kjósa einn kennara, fulltrúa starfsmanna og fá inn nemanda úr 9. bekk. Skoða þarf með nemandann úr 10. bekk þar sem viðkomandi hefur lítið mætt á fundi í vetur.
4. Skólapúlsinn – apríl könnun 6 til 10.b – farið yfir niðurstöður sem koma nokkuð vel út. Unnið verður úr samantekt á heildar niðurstöðum fyrir allar kannanir úr Skólapúlsinum fyrir þetta skólaár sem berast í júní.

Önnur mál : engin önnur mál voru á dagskrá

Fundi slitið kl 15:46